

Aðalfundur Íbúasamtaka Laugardals vegna starfsárs 2013

Aðalfundur Íbúasamtaka Laugardals vegna starfsárs 2013 var haldinn 6.maí 2014 í Þjónustumiðstöð Laugardals, Háaleitis og Bústaða , Síðumúla 39, Reykjavík. Mæting var að venju ekki mikil en góðmennt. Fundarstjóri var Sigurður Þórðarson (formaður) og fundarritari Morten Lange.

* Engar breytingar urðu á stjórn né verkaskiptingu að öðru leyti en því að Benedikt Geirsson skoðunarmaður er að flytja úr hverfinu og þarf að leita að nýjum skoðunarmanni fyrir næsta aðalfund.

Stjórnina skipa: Sigurður Þórðarson, formaður. Hildur Arna Gunnarsdóttir, gjaldkeri. Aðrir í stjórn; Morten Lange, Gauti Kristmannsson, Sigríður Melrós Ólafsdóttir, Lilja Sigrún Jónsdóttir, Jón Guðmundsson. Varamenn: Andrea Þormar, Hildur Björg Hafstein. Baklandshópur: Anna Guðfinna Stefánsdóttir, Helga Sigrún Sigurjónsdóttir, Ragna Bjarnadóttir, Ægir Magnússon, Bjarni Jónsson, Kristín Þorleifsdóttir.

* Reikningar ársins 2013 voru samþykktir auk skýrslu stjórnar.

* **Skýrsla stjórnar** : Árið var tiltölulega rólegt. Íbúamarkaðurinn var mjög vinsæll og vel sóttur og verður haldið áfram. Hildur Arna Gunnarsdóttir, Sigríður Melrós Ólafsdóttirog Kristín Þorleifsdóttir hafa verið í fararbroddi þess starfs sem fylgir. Stjórnarmenn voru virkir í umræðum um Aðalskipulag og Hverfisskipulag sem lagt var fram af hálfu borgarinnar á árinu. Morten mætti sem áheyrnarfulltrúi á flesta fundi Hverfisráðs Laugardals.

Önnur mál, almennar umræður :

* Guðmundar J. Arasonar, sem var fyrsti formaður ÍL, var minnst í minningargrein sem stjórnarmenn létu birta í Morgunblaðinu. Guðmundur var brautryðjandi að stofnun samtakanna árið 2005. Hann var mikill diplómat og sá meðal annars til þess að fulltrúar hverfanna í kring um Laugardalinn áttu frá upphafi fulltrúa í stjórn ÍL og voru með í ráðum varðandi eitt fyrsta stóra málið sem var Sundabraut.

* Ættu Íbúasamtökin að efla sýnileika á samfélagsmiðlum, etv vera á twitter til að nýta sem boðkerfi milli íbúa ? Lilja ræddi um kosti þess.

* Ákveðið var að varðveita gögn um stofnun samtakanna . Nota ætti Google Drive / dropbox / Borgarskjalasafn. Morten og Lilja Sigrún Jónsdóttir veltu fyrir sér möguleikum.

* Rætt var um byggð ofan í Laugardalinn við Suðurlandsbraut sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi. Það er ekki stemning fyrir því að narta frekar af Laugardalnum.

Lagt er til að samtökin hafi frumkvæði að frekari umræðu um framtíð dalsins og möguleikum.

* Menn veltu fyrir sér íþróttastöðu innanhúss í dalnum og finnst sumum vera komið nóg

* Rætt var um áhuga í hverfinu á golfiðkun og möguleikum á vetaraðstöðu.

* Sagt var frá ályktun Hverfisráðs um heildarstefnumótun um Laugardalinn. Tillaga kom fram um að senda áskorun til næsta Hverfisráðs til að lýsa yfir stuðningi við þá hugmynd.

* Rædd voru ræktunarmál þ.á.m. matjurtaræktun. Stefnt er að frekara samstarfi við hópinn Miðgarð og Garðyrkjufélag Íslands.

* Umræða spannst um Sundabraut. Við þurfum að vera vakandi. Lega hennar er ákveðin í aðalskipulagi á ytri leið. Ef tilefni verður til að endurskoða þá staðsetningu þá var rifjuð upp fyrri staðsetning á henni í skipulagi við Holtsveg og aðdraganda þess að Holtagarðar voru byggðir. Ef til vill er sú þróun ekki hverfinu í hag og ætti að horfa til allra möguleika í því efni.

* Rætt var um lagningu bíla frá Bílaleigu Akureyrar á hallandi malarplani til móts við Suðurlandsbraut 30. Er þetta í lagi? Rétt að senda fyrirspurn til borgarinnar.

* Breytingar á Skeiðarvogi voru stuttlega til umræðu. Tókst vel til að hægja á umferð og bæta öryggi. Menn voru sammála um að öryggistilfinning ykist og umhverfið væri mannvænna. Öxulþungatakmarkanir á Skeiðarvog hafa ekki verið samþykktar og þarf að skoða það betur.

* Hvaðan sér maður Snæfellsjökul úr hverfum í kringum Laugardalinn? Gaman væri að fá það á hreint.

* Rætt var um breytingar við Borgartúnið. Ekki er lengur hægt að aka á 70km/klst og munu men venjast því. Tekið var fram að mönnum þætti flott listaverkið við Höfðatún.

* Lilja Sigrún vill hjálpa til með að byggja upp tengsl við foreldrafélög skólanna í hverfinu og er til í að mæta á hverfisráðsfundina á móti Morten eða eftir þörfum.

*Rætt var um að halda upp á 10 ára afmæli Íbúasamtakanna árið 2015. Fljótlega þarf að hefja undirbúning ?

Meira var ekki rætt og fundi slitið í sátt og samlyndi.